



## Minnsti hagvöxtur í fimm ár


Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi nam 1,7% samanborið við sama tímabil í fyrra. Þetta er minnsti vöxtur landsframléiðslu á 12 mánaða grundvelli síðan á fyrsta ársfjórðungi 2014. Þjóðarútgjöld sem eru samtala einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar dróst saman um 2,8% og má rekja það til verulegs samdráttar í fjármunamyndun. Hagvöxtur á fjórðungnum reyndist nokkuð meiri en opinberar spár gera ráð fyrir að verði yfir árið í heild. Einn fjórðungur hefur þó lítið forspárgildi fyrir árið í heild en flestir opinberir spáaðilar gera ráð fyrir lítills háttar samdrætti í landsframléiðslu á þessu ári. Þessar tölur ættu ekki að hafa nein sérstök áhrif á spánnar fyrir árið í heild. Við þetta má bæta að þetta eru bráðabirgðatölur sem gætu tekið breytingum eftir því sem líður á árið.

### Vöxtur einkaneyslu sá minnsti síðan á þriðja fjórðungi 2014


Vöxtur einkaneyslu reyndist 2,8% og er það minnsti vöxtur einkaneyslu síðan á þriðja ársfjórðungi 2014. Vöxtur einkaneyslu hefur leitað nær stöðugt niður á við allt frá því að hann náði tímabundnu hámarki í 9,8% á fyrsta fjórðungi 2017. Við spáum við að vöxtur einkaneyslu verði 1,8% yfir árið í heild.

### Sala á flugvélum skýrir mikinn samdrátt í fjármunamyndun


Fjármunamyndun dróst saman um 9,4% á fjórðungnum sem er mesti samdráttur síðan á fyrsta fjórðungi 2013. Mikill samdráttur í fjármunamyndun kemur ekki á óvart en samdrátturinn skýrist fyrst og fremst af 33,6% samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu. Atvinnuvegafjárfesting er langstærsti liðurinn innan fjármunamyndunar og því hafa allar breytingar í atvinnuvegafjárfestingu mikil áhrif á heildarfjármunamyndun í hagkerfinu. Samdráttur í atvinnuvegafjárfestingu má skýra helst með miklum útflutningi á skipum og flugvélum á fjórðungnum en útflutningur á skipum og flugvélum mælist sem neikvæð fjárfesting og hefur ekki áhrif á hagvöxt. Mikinn útflutning á flugvélum má rekja til sölu Wow



Vöxtur frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Vefsíða viðkomandi stofnunar.



Heimild: Hagstofa Íslands

air á þremur farþegaþotum til Air Canada en útflutningsverðmæti þeirra nam 17,3 ma.kr.

Vöxtur íbúðafjárfestingar reyndist nokkuð kröftugur á fjórðungnum og jókst um 58,4% frá sama tímabili í fyrra. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er töluvert sveiflukennður liður en við spáum því að fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukist um 5% yfir árið í heild.

### **Aukning útflutnings skýrist af útflutningi skipa og flugvéla**



Útflutningur jókst um 2,6% á milli ár og kemur þessi vöxtur í kjölfar 5,9% samdráttar á fjórða fjórðungi síðasta árs. Á síðustu árum hefur aukning útflutnings verið haldið uppi af kröftugum vexti þjónustuútflutnings sem rekja hefur mátt til mikils vaxtar í íslenskri ferðaþjónustu. Að þessu sinni var vextinum einungis haldið uppi af nokkuð kröftugum vexti vöruútflutnings en vöxtur þjónustuútflutnings var neikvæður að þessu sinni. Vöxtur vöruútflutnings sem nam 11,1% verður þó ekki rakinn til undirliggjandi vaxtar útflutnings heldur til sölu á skipum og flugvélum eins og rakið var hér að ofan.

### **Fækkun erlendra ferðamanna leiðir til neikvæðs vaxtar í útflutningi þjónustu**

Þjónustuútflutningur dróst saman um 7,7% og er það ögn minni samdráttur en á fjórða fjórðungi síðasta árs þegar vöxturinn var neikvæður um 11,4%. Neikvæðan vöxt í þjónustuútflutningi má fyrst og fremst rekja til samdráttar í ferðaþjónustu en erlendum ferðamönnum fækkaði um 4,7% á fyrsta ársfjórðungi ársins.

### **Innflutningur ekki dregist jafn mikið sama síðan 2009**

Innflutningur dróst saman um 8,1% á fjórðungnum og hefur hann því dregist saman fjóra fjórðunga í röð. Þetta er meiri samdráttur en mældist á fjórða ársfjórðungi síðasta árs þegar hann nam 6%. Þetta er töluvert meiri samdráttur en mældist á öðrum og þriðja ársfjórðungi síðasta árs þegar samdrátturinn lág á bilinu 0,2-0,3%. Raunar þarf að leit allt aftur til þriðja ársfjórðungs 2009 til að finna meiri samdrátt í innflutningi en þá nam hann 21,3%. Samdráttur í innflutningi verður bæði rakinn til samdráttar í innflutningi vara og þjónustu. Innflutningur var dróst saman um 9,5% en innflutningur þjónustu um 5,9% og má rekja síðari samdráttinn að tölverður





leyti til minni ferðalaga Íslendinga erlendis en  
brottfarir Íslendinga drógust saman um 8,5% á  
fjórðungum borið saman við sama tímabil í fyrra.  
Við spáum því að innflutningur muni dragast saman  
um 4% yfir árið í heild.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.